

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr: 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C97:05

Bókaútgáfa á Íslandi árið 1995

Skýrsla gerð fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda

Apríl 1997

Formáli

Í júlí 1996 fól Félag íslenskra bókaútgefenda Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að safna gögnum um bókaútgáfu á Íslandi árið 1995. Sambærilegar skýrslur hafa verið gerðar fyrir árin 1993 og 1994. Í eftirfarandi skýrslu eru birtar niðurstöður könnunarinnar og fjallað um breytingar í rekstrarumhverfi íslenskra bókaforlaga. Jón Þór Sturluson hagfræðingur tók skýrsluna saman.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
í apríl 1997

Tryggvi Þór Herbertsson
forstöðumaður

1. Inngangur

Í fjórða sinn síðan 1993 safnar Hagfræðistofnun Háskóla Íslands upplýsingum frá stærstu bókaútgefendum á Íslandi með sérstakri spurningakönnun. Niðurstöður könnunarinnar vegna bókaútgáfu á árinu 1995 birtast í þessari skýrslu. Tvö útgáfufyrirtæki sem voru með í síðustu könnun hafa helst úr lestinni, Almenna bókafélagið hf. og Örn og Örlygur hf. Til að vega á móti þessu brottfalli var í ár bætt við listann tveimur útgáfufélögum: Skuggsjá og Skálholtsútgáfunni. Forsvarsmenn Skálholtsútgáfunnar treystu sér ekki til að greina fjárhag bókaútgáfu frá öðrum rekstri Kirkjuhússins og eru því ekki með að þessu sinni. Markaðshlutdeild Skálholtsútgáfunnar er mjög lítil og hefur því ekki teljandi áhrif á niðurstöður könnunarinnar. Eftirtaldir ellefu aðilar voru því þáttakendur í könnuninni:

- Fjölvaútgáfan
- Forlagið
- Fróði
- Hörpuútgáfan
- Iðunn
- Mál og menning
- Setberg
- Skjaldborg
- Skuggsjá
- Vaka-Helgafell
- Æskan

Ekki var að ráði vikið frá fyrirkomulagi síðustu könnunar. Flestar tölur sem birtast í skýrslunni hér á eftir eiga við rekstur fyrrgreindra útgefenda og er þess sérstaklega getið ef svo er ekki.

2. Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður úr könnun á meðal ellefu stærstu bókaútgefenda á Íslandi um ástand greinarinnar 1995 eru þessar:

- Meðalheildsöluverð á íslenskum bókum hefur hækkað, en lækkað á þýddum bókum. Á heildina litið lækkar meðal heildsöluverð á bókum á milli áranna 1994 og 1995 um 6%.
- Áætlað er að velta í bóksölu hafi dregist saman um 12% á milli áranna 1994 og 1995. Samdráttur miðað við eintakafjölda er ekki eins mikill þar sem meðalverð hefur jafnframt lækkað.
- Prentun færist í auknum mæli til útlanda. Á árinu 1995 rann 32% framleiðslukostnaðar, sem féll til utan forлага, til erlendra aðila. Sambærilegt hlutfall fyrir árið 1994 var 25%.
- Fleiri fyrirtæki (6 af 11) skila hagnaði af starfsemi sinni árið 1995 en árið á undan (4 af 11). Þetta bendir til þess að hagræðing hafi átt sér stað, samfara samdrætti í veltu. Þróun greiðslna á virðisaukaskatti bendir einnig til þess að hagræðing hafi átt sér stað hjá bókaútgefendum.

Enn er of snemmt að draga ályktanir um langtímaáhrif verðsamkeppni í smásölu bóka á hag greinarinnar og neytendur. Ekki er hægt að draga afdráttarlausar ályktanir um hagkvæmni verðsamráðs eða samkeppni á grundvelli könnunarinnar. Frekari rannsókn á eðli íslenska bókamarkaðarins gæti hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um áhrif verðsamkeppni og kosti/galla verðsamráðs.¹


Ef einhvern lærdóm á að draga af fortíðinni, um áhrif verðsamkeppni, er mikilvægt að árleg könnun Hagfræðistofnunar fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda verði endurmetin. Sem dæmi má nefna að mikilvægt er að fá

¹ Nánari umfjöllun um verðsamkeppni í smásölu bóka birtist í sérstöku fylgiskjali með skýrslunni.

nánari upplýsingar um söluleiðir, svo hægt sé að kanna hve stór hluti bóksölunnar er hjá stórmörkuðum annars vegar og sérverslunum hins vegar.

3. Heildarvelta bókaforlaganna

Velta, án VSK, þeirra ellefu bókaforлага, sem könnunin náði til, á árinu 1995 er sýnd á 1. mynd. Á sömu mynd eru einnig birtar veltutölur fyrir árin 1993 og 1994 til samanburðar.




1. MYND: *Velta ellefu stærstu bókaútgefenda á Íslandi, á verðlagi ársins 1995*

Á myndinni sést glöggt að tölverður samdráttur hefur verið í heildarveltu ellefu stærstu bókaútgefenda á Íslandi undanfarin ár. Veltan nam 957 milljónum árið 1995, en var 1.112 milljónir árið 1994 og 1.157 árið 1993 á verðlagi ársins 1995. Þetta er um 15% samdráttur frá 1994 og 20% minni velta en árið 1993.

Ekki er hægt að fullyrða um samdrátt í atvinnugreininni í heild þar sem þessi niðurstaða er fengin með spurningakönnun. Breytt úrtak, sbr. umfjöllun í inngangi, skapar jafnframt óvissu í samanburði milli ára. Ljóst má vera að brotthvarf tveggja fyrirtækja hefur raskað markaðshlutdeild nokkuð. Í eldri könnunum hefur verið stuðst við mat Kristins Gestssonar á

markaðshlutdeild stærstu bókaútgefenda árið 1991. Ekki er hægt að gera ráð fyrir óbreytttri markaðshlutdeild svo að í þetta skiptið var framkvæmd sjáfstæð athugun á markaðshlutdeild ellefu stærstu útgáfufélaga hjá völdum bóksöllum. Samkvæmt athuguninni var markaðshlutdeild þeirra u.p.b. 75%. Þetta mat er meira í takt við þær fyrirfram væntingar sem bókaútgefendur höfðu. Sambærilegt mat fyrir síðustu ár liggur fyrir. 2. mynd sýnir áætlaða heildarveltu bókaútgáfu á Íslandi frá 1987 til 1995. Við mat á heildarveltu er gert ráð fyrir að markaðshlutdeild úrtaks Hagfræðistofnunar hafi dregist saman með jöfnum hraða úr 82% árið 1992 í 75% árið 1995. Hér er augljóslega um talsverða nálgun að ræða, en ef halddið verður áfram að gera kannanir á markaðshlutdeild úrtaksins má gera ráð fyrir að þessi áætlun batni á næstu árum.




2. MYND: Áætluð heildarvelta bókaútgáfunnar á Íslandi, á verðlagi ársins 1995

Ef marka má þessa áætlun hefur velta í bókaútgáfu dregist saman um 39% á fjórum árum frá 1991 til 1995. Samdrátturinn á milli áranna 1994 og 1995 er áætlaður um 12%. Ástæður samdráttar eru væntanlega margþættar. Má þar nefna almenning efnahagsþróun og skattalegar aðstæður sem tvær líklegar skýringar.

Sölsuskattur var lagður á bækur árin 1987-89 og árið 1990 tók virðisaukaskattur við. Hann var afnuminn 1. september sama ár af bókum en árið 1993 var 14% virðisaukaskattur aftur lagður á bækur. Þó erfitt sé að fullyrða um áhrif virðisaukaskatts á bókaútgáfu í landinu, er erfitt að líta framhjá uppsveiflunni sem var í veltu bókaútgefenda á árunum 1990 til 1992. Á þessu tímabili var bókaútgáfan undanþegin sölu- og virðisaukaskatti.

4. Hagnaður í bókaútgáfu

Í könnuninni voru fyrirtæki spurð hvort hagnaður hefði verið á rekstri bókaútgáfu þeirra á síðasta ári. Sex fyrirtæki, eða 55% úrtaksins, svöruðu spurningunni játandi. Athygli skal vakin á því að ekki er tekið tillit til þess, að fyrirtækin eru mismunandi að stærð. Til samanburðar svöruðu aðeins fjögur af ellefu spurningunni játandi í könnun fyrir árið 1994. Erfitt er að fullyrða um umskipti í afkomu bókaútgáfunnar en það er athyglivert, engu að síður, að þrátt fyrir minnkandi veltu þá tekst rúmlega helmingi bókaútgefenda að skila hagnaði.




3. MYND: *Hlutfall útgáfufyrirtækja sem skiliðu hagnaði/tapi 1995*

Þrjú þeirra sjö fyrirtækja sem töpuðu á rekstri bókaútgáfunnar á árinu 1994 skila einnig neikvæðri afkomu árið 1995. Tvö hafa hætt rekstri og tvö hafa náð að snúa tapi í hagnað. Af þeim fjórum fyrirtækjum sem skiliðu hagnaði á árinu 1994 skila þrjú rekstrarhagnaði árið 1995. Eitt fyriræki skilar tapi árið 1995 þrátt fyrir hagnað árið á undan.

5. Fjöldi starfsfólks

Starfsfólk hjá ellefu stærstu bókaútgáfum á Íslandi hefur fækkað nokkuð á milli áranna 1994 og 1995 úr 96 í 89. Þetta er riflega 7% fækkun. Athugunavert er að fækkun starfsfólks er u.p.b. helmingi minni en samdráttur í veltu sömu fyrirtækja. Upplýsingar um hagnað í bókaútgáfu er óljós vísbending um að samdrættinum hafi verið mætt með umtalsverðri hagræðingu. Þar sem fækkun starfsfólks er minni en samdráttur í veltu hefur launakostnaður bókaútgefenda væntanlega aukist að tiltölu, nema samdrættinum hafi verið mætt með lækkun heildarlauna eða fækkunar vinnustunda á starfsmann.




4. MYND: *Fjöldi starfsfólks hjá ellefu stærstu bókaútgefendum*

6. Virðisaukaskattur árið 1995

Í samræmi við minnkandi veltu hafa greiðslur á virðisaukaskatti nokkuð dregist saman á milli ára. Árið 1995 greiddu bókaútgefendur 115 milljónir í útskatt en fengu greidda 101 milljón í innskatt. Árið 1994 nam útskattur 140 milljónum og er því lækkunin tæp 18% á milli ára. Árið 1993 var útskattur 102 milljónir enda var virðisaukaskattur ekki lagður á bækur fyrr en um mitt það ár.

Ekki er óeðlilegt að innskattur sé hærri en útskattur í einhverjum tilfellum, þar sem skatthlutfall á útskatti er 14% í samanburði við 24,5% innskatt á flestum aðföngum. Hlutfallsleg hækkun útskatts, samanborið við innskatt má skýra með aukinni hagkvæmni í framleiðslu. Ólíklegt er að birgðasöfnun skipti miklu máli hvað þetta atriði varðar eða að umtalsverður samdráttur hafi verið í fjárfestingu í greininni. Því er eðlilegt að ætla að aðfangakostnaður sem hlutfall af veltu hafi lækkað nokkuð.




5. MYND: Virðisaukaskattur ellefu stærstu bókaútgefenda á Íslandi


7. Velta eftir tegundum bóka

Í könnuninni árið 1995 var bókum skipt í eftirfarandi flokka:

- Íslensk skáldverk
- Þýdd skáldverk
- Ævisögur
- Íslenskar fræði- og handbækur
- Þýddar fræði- og handbækur
- Íslenskar barnabækur
- Þýddar barnabækur
- Námsbækur
- Aðrar bækur



6. MYND A: *Velta eftir tegundum bóka 1995*



6. MYND B: *Velta eftir tegundum bóka 1994*


Framangreind flokkun er nú notuð í annað sinn og er því hægt að bera saman einstaka flokka á síðustu tveimur árum. 6. mynd sýnir hlutfalslega skiptingu veltu á milli bókaflokka árin 1994 og 1995.

Helst er markvert að hlutdeild íslenskra fræði- og handbóka vex nokkuð á milli ára, eða úr fimmtungi í fjórðung. Aðrar breytingar eru ekki verulegar. Nefna má að hlutdeild íslenskra skáldsagna og erlendra fræði- og handbóka minnkar lítils háttar.

Hlutdeild íslenskra bóka (þýddar bækur ekki taldar með) er um 60% og er það svipað og árið áður. Ekki er hægt að skoða þróun þessarar skiptingar lengra aftur í tímann, þar sem önnur flokkunaraðferð var notuð áður.

8. Velta eftir söluleiðum

Eins og undanfarin ár fer langstærstur hluti bókasölu, frá ellefu stærstu bókaútgefendum á Íslandi, fram í bókaverslunum (þar með talið stórmörkuðum). Hlutdeild bókaverslana í bókasölu hefur þó aukist nokkuð frá fyrra ári. Hlutdeild bókaverslana var 68% árið 1995 en var 58% árið áður. Salan hefur mest dregist saman í bókaklúbbum en einnig nokkuð í síma- og farandsölu. Líklegt er að hlutdeild bókaklúbba og annarra söluleiða sé vanmetin í könnuninni, þar sem nokkrir smærri útgefendur selja nær eingöngu eftir óhefðbundnum leiðum. Hafa ber í huga að sala eftir slíkum leiðum er væntanlega einnig vanmetin á árinu 1994. Vegna þróunar í smásöluverslun í átt til aukinnar verðsamkeppni er mikilvægt að söluleiðir séu betur sundurgreindar í könnunum næstu ára, s.s. á milli sérverslana og stórmarkaða.




7. MYND: *Velta eftir söluleiðum 1995*


9. Fjöldi útgefinna titla

Heildarfjöldi titla sem ellefu stærstu bókaútgefendurnir gáfu út árið 1995 var 371. Árið 1994 var fjöldinn 383 og 438 árið 1993. Þetta samsvarar 3% fækkun á milli áranna 1994 og 1995 og 15% frá 1993 til 1995. Fækkun útgefinna titla er því mun minni en samdráttur í heildarveltu bókaútgefenda, sem var annars vegar 20% og hins vegar 25% á sömu tímabilum. Hér að framan var gert ráð fyrir að markaðshlutdeild ellefu stærstu bókaútgefenda hefði dregist saman um riflega 2% á milli áranna 1994 og 1995. Þetta er vísbending um að heildarfjöldi titla hafi því sem næst staðið í stað á milli áranna 1994 og 1995. Af útgefnum titlum árið 1995 voru 280 frumútgáfur og 91 endurútgáfur. Árið áður voru frumútgáfur 336 en 47 endurútgáfur.

Nokkrar breytingar hafa orðið á fjölda útgefinna titla í einstökum efnisflokkum. Útgáfa á íslenskum skáldsögum, ævisögum og öðrum bókum hefur dregist nokkuð saman á meðan titlum hefur fjölgað í flokkum íslenskra og þýddra fræði- og handbóka, íslenskra barnabóka og námsbóka. Útgáfa í flokkunum þýdd skáldverk og þýddar barnabækur stendur nokkurn veginn í stað á milli ára.



8. MYND: *Fjöldi útgefina titla ellefu stærstu bókaútgefenda 1993 – 1995*



9. MYND: *Fjöldi titla eftir efnisflokkum 1995*

10. Meðalupplag á hvern titil

Meðalupplag frumútgáfna var 2.250 eintök árið 1995 samanborið við 2.150 eintök árið áður. Hér er því um lítils háttar upplagsaukningu að ræða. Meðupplag endurútgefina bóka minnkaði hins vegar lítillega, úr 1.850 eintökum í 1.800 árið 1995. Meðalupplag einstakra útgefenda er mjög breytilegt. Í frumútgáfum er meðalupplag einstakra útgefenda minnst 1.500 eintök en mest rúmlega 4.500 eintök. Upplag endurútgáfu er jafnan minna en breytileikinn er svipaður eða frá 800 til 4.000 eintök.

Meðaltal seldra eintaka af hverjum titli er 2.100 samkvæmt könnuninni. Lítil svörun við þessum lið dregur þó úr áreiðanleika þessa mats og allur samanburður á milli meðalupplagstalna og sölatalna því ótryggur.


11. Kostnaður vegna prentunar bóka

Mikill verðmunur er á meðalprentkostaði innanlands og erlendis. Samkvæmt könnuninni er meðalprentkostnaður hérlandis 456 krónur á eintak en 297 krónur erlendis. Hugsanleg skýring á þessum mun er að þær bækur sem prentaðar eru erlendis séu að jafnaði veigaminni en þær sem prentaðar eru hérlandis. Engu að síður er þessi munur (54%) meiri en svo, að ólík gæði ein og sér geti skýrt hann.

Flestir útgefendur gáfu upp skiptingu þess framleiðslukostnaðar sem fellur til utan bókaforlaga² á milli innlendra og erlendra aðila. Hjá þeim útgefendum sem svöruðu viðkomandi spurningu voru 203 bækur prentaðar hérlandis en 151 erlendis. Útfrá þessum upplýsingum má áætla að heildarkostnaður utan forlaga hafi verið um 305 milljónir eða 382 krónur á hvert prentað eintak.

² Hér er átt við framleiðslukostnað utan forlags vegna prentaðra bóka, s.s. hönnun, filmuvinnu, pappír, prentun og bókband. Með nýrri tækni hefur umtalsverður hluti framleiðslunar færst frá prentsmeiðum til bókaforlaga. Hlutfall innlends kostnaðar er því væntanlega eitthvað vanmetið í samanburði á milli ára.

Fyrir liggja upplýsingar um hlutfallslega skiptingu prentkostnaðar milli innlendra og erlendra aðila. Árið 1995 var hlutfall erlends prentkostnaðar 37% sem er hærra hlutfall en áður hefur mælst, sjá 10. mynd. Ef litið er á hlutfallslega skiptingu prentunar eftir titlum kemur enn frekar í ljós að prentun á bókum er í auknum mæli að færast til útlanda. 43% útgefinna titla var prentaður erlendis árið 1995 en talsvert minna árið áður eða um 35%.




10. MYND: *Hlutfall framleiðslukostnaðar útgefinna bóka hérlandis og erlendis*

12. Verð á bókum


Samkvæmt könnuninni lækkuðu bækur að jafnaði í verði á milli áranna 1994 og 1995. Meðalverð á bókum í heildsölu (án virðisaukaskatts) á árinu 1995 var 1.960 krónur í samanburði við 2.055 árið áður. Þetta er 6% lækkun að raunvirði. Aukin verðsamkeppni í smásölu hefur hins vegar ekki skilað sér í lækkun á verði til neytenda, ef marka má sundurliðun neysluverðsvísitölu Hagstofu Íslands. Verð á bókum hefur þó hækkað minna en almennt verðlag síðustu árin sem skilar sér í 1,7% verðlækkun að jafnaði ef miðað er við fast verðlag.

Áhugavert er að skoða verðþróun á ákveðnum flokkum bóka, sjá 11. mynd. Ljóst er að verð á íslenskum bókum hefur að jafnaði hækkað á milli áranna 1994 og 1995 en verð á þýddum bókum fer almennt lækkandi. Þetta á við um skáldverk, fræði- og handbækur og barnabækur. Í flokki fræði- og handbóka eru breytingarnar mestar, en í þeim flokki eru bækur mjög mismunandi, bæði hvað varðar verð og gæði, frá ári til árs.



11. MYND: Meðalverð bóka eftir flokkum

Sú flokkun sem notuð er á 11. mynd er aðeins til fyrir árin 1994 og 1995. Hægt er að skoða verðþróun þriggja flokka bóka, íslenskra skáldverka, þýddra skáldverka og ævisagna, yfir lengra tímabil. Á föstu verðlagi hefur verðþróunin verið nokkuð stöðug niður á við á athugunartímabilinu.



12. MYND: Meðalverð þriggja bókaflokka, á verðlagi ársins 1995

13. Lokaorð

Könnun Hagfræðistofnunar og Félags íslenskra bókaútgefenda gefur ágætar vísbendingar um stöðu bókaútgáfunnar á Íslandi árið 1995. Svo virðist sem að umtalsverður samdráttur hafi verið í veltu í greininni. Veltusamdrátturinn skýrist bæði af lækkun meðalverðs og fækjunar seldra eintaka. Fjöldi útgefinna titla hefur þó haldist nær óbreyttur frá árinu áður.

Prentun á bókum virðist hafa færst í auknum mæli til útlanda á árinu 1995. Ef marka má svör bókaútgefenda í könnuninni er helsta skýringin mikill verðmunur á prentun innanlands og erlendis.

Úr könnuninni má lesa ákveðnar vísbendingar um að samhliða samdrætti í greinni hafi bókaútgefendur náð fram nokkurri hagræðingu í rekstri sínum. Sem dæmi má nefna að fleiri fyrirtæki skila hagnaði árið 1995 en árið 1994 og innskattur hefur lækkað tölувart í hlutfalli við útskatt.

Mikilvægt er að endurskoða spurningakönnunina sem notuð hefur verið í nær óbreyttri mynd í 3 ár. Til dæmis er nauðsynlegt að safna nánari upplýsingum svo mögulegt sé að draga skýrari ályktanir um áhrif aukinnar samkeppni í smásöluverslun með bækur.